

143

Sjá, ljós er þar yfir

1. Sjá, ljós er þar yf - ir sem lagð - ur var nár. Hann lif - ir, hann lif - ir, nú
 2. Ei myrkr - ið vann ljós - ið þótt langt vær - i stríð, nei, ljóss - ins varð hrós - ið um
 3. Til himn - eskr - ar gleð - i nú gröf - in er hlið, ei graf - ar á beð - i er

ræst haf - a spár. Hann rís upp í ljóm - a, nú lif - ið er veitt og lausn úr þeim
 ei - lif - a tíð. Burt hrell - ing er flú - in því himn - esk - a von oss hef - ur veitt
 sein - ast - a mið. Þér höf - uð sem nið - ur af hryggð vor - uð sveigð upp hefj - ið nú

dróm - a sem mann - kyn bar þreytt. Hvert inn - sigli' er brot - ið og bjarg - i velt frá, á
 trú - in á Guðs eink - a - son. „Hví leit - ið þér, kon - ur, svo harm - þrungn - ar hér? Ei
 yð - ur og ver - ið ei beygð. Kom, hjörð, til þíns hirð - is og leið - a þig lát, hann

burt er - u verð - ir því hræðsl - a greip þá og helj - ar hlið skjálf - a.
 hann sem nú lif - ir hjá fram - liðn - um er, upp Herr - ann er ris - inn.“ } Hal - le - lú - ja.
 lif - ir, hann lif - ir og enn hef - ur gát frá himn - um á sín - um.

4. Ei haggast hans kirkja
 þótt hret geisi stríð,
 hans heilög orð styrkja
 gegn óvinum lýð.
 Enn víða' eru' á ferðum
 hans vottar um heim
 þótt viðjum og sverðum
 sé otað mót þeim
 og vitna' um hinn heilaga'
 er hreif oss úr neyð,
 um hann sem á krossinum
 deyddi vorn deyð,
 um hertoga lífsins. Hallelúja.

5. Þér kristnir, hví grátið
 og kvíðið þér enn?
 Af kveinstöfum látið,
 þér friðkeyptu menn.
 Það jörðin brátt tekur
 af jörðu sem er,
 en Jesús það vekur
 til dýrðar hjá sér.
 Hann vitjar síns akurs
 á uppskeru tíð
 og illgresið skilur
 frá hveitinu' um síð.
 Hann hveiti sitt þekkir. Hallelúja.